

Afrekssjóður ÍSÍ 2022



Árið 2022 varð alþjóðlegt afreksíþróttastarf með nokkuð hefðbundnu sniði í kjölfar verulega skerts mótahalds árin á undan. Ennþá var þó vart við áhrif heimsfaraldurs COVID-19 að einhverju leyti í takmarkaðra mótahaldi og mótapátttöku auk samgöngutakmarkana í byrjun árs.

Árið 2022 var úthlutað hæstu fjárhæð úr Afrekssjóði frá upphafi eða 546 mkr. Skýrist það af uppsöfnun eigin fjár sjóðsins undanfarin ár vegna minna mótahalds og mótapátttöku í Covid faraldrinum. Olli faraldurinn langtum lægri raunkostnaði afreksstarfs og hærri niðurfellingum á úthlutuðum styrkjum en á venjulegu ári.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ

Árið 2022 var stjórn sjóðsins skipuð eftirfarandi aðilum: Knútur G. Hauksson formaður, Guðrún Inga Sívertsen, Páll Grétarsson, Hörður Þorsteinsson og Soffía Ámundadóttir fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra. Andri Stefánsson var starfsmaður sjóðsins og Þórey Edda Elísadóttir var með seturétt á fundum sjóðsins. Stjórnin hélt nú formlega fundi á árinu 2022 auk annarra óformlegri funda.

Flokkun sérsambanda í afreksflokka

Skv. reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ skal Afrekssjóður ÍSÍ flokka árlega sérsambönd ÍSÍ í afreksflokka út frá skilgreindum viðmiðum. Í flokk Afrekssérsambanda falla sérsambönd sem m.a. eru með reglulega þátttöku á hæsta stigi eða hafa náð frábærum árangri á síðustu fjórum árum. Í flokk Alþjóðlegra sérsambanda falla sérsambönd sem m.a. eru með reglulega þátttöku í alþjóðlegum mótum þar sem einstaklingar eru að keppa um stig á heimslista og reyna að vinna sér þátttökurétt stórmótum. Í flokk þróunarsérsambanda falla þau sem ekki falla undir hina flokkana en taka þó m.a. þátt í alþjóðlegu landsliðsstarfi.

Árið 2022 færðist Bogfimisamband Íslands úr flokki Þróunarsérsambanda í Alþjóðleg sérsambönd og Klífursamband Íslands og Glímusamband Íslands bættust við í flokk Þróunarsérsambanda. Afrekssérsambönd voru því níu, Alþjóðleg sérsambönd tólf og Þróunarsérsambönd tólf.

FLOKKUN Í AFREKSFLOKKA 2022		
Afreks sérsambönd	Alþjóðleg sérsambönd	Þróunar sérsambönd
FRÍ	BFSÍ	BTÍ
FSÍ	BLÍ	GLÍ
GSÍ	BSÍ	HNÍ
HSÍ	DSÍ	HRÍ
ÍF	ÍHÍ	ÍSS
KKÍ	JSÍ	KÍ
KSÍ	KAÍ	LSÍ
SKÍ	KLÍ	MSÍ
SSÍ	KRA	SÍL
	LH	TKÍ
	SKY	TSÍ
	STÍ	ÞRÍ



Raunkostnaður afreksstarfs hækkar mikið

Undanfarin ár hafa styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ numið um þriðjungi af kostnaði afreksstarfs sérsambandanna. Við úthlutun áætluðu sérsamböndin 32 sem sóttu um til Afrekssjóðs ÍSÍ að heildarkostnaður afreksstarfs þeirra yrði um 2.858 mkr. á árinu 2022.

Skv. uppgjöri á afreksstarfi þrjátíu sérsambanda sem hlutu styrki úr Afrekssjóði árið 2022 var raunkostnaður afreksstarfsins rúmlega 1.742 mkr. Hækkaði raunkostnaður sérsambanda sem styrk hlutu úr Afrekssjóði úr 1.246 mkr. frá árinu 2021 eða um 40%. Ástæður hærri kostnaðar má finna í aukinni mótaþátttöku frá fyrra ári auk þess sem flugkostnaður og kostnaður við sóttvarnir hafa hækkað verulega. Inn í þessum tölum er ekki kostnaður við afreksstarf KSÍ en KSÍ hefur ekki fengið úthlutað úr Afrekssjóði undanfarin ár þar sem fjárhagur sérsambandsins er margfalt stærri en annarra sérsambanda. Afreksskostnaður KSÍ var áætlaður 936 mkr. árið 2022.

Á sama tíma og afreksskostnaður sérsambanda hefur aukist gríðarlega hafa styrkir til sérsambanda úr Afrekssjóði nánast staðið í stað. Byggir það á þeirri staðreynd að tekjur Afrekssjóðs hafa ekki hækkað frá 2019. Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ hækkaði mikið á árunum 2016 til 2019 og var 400 mkr. árið 2020. Lækkaði svo í 392 mkr. árið 2021 og var óbreytt 2022. Framlag ÍSÍ af tekjum frá Íslenskri getspá í Afrekssjóð hækkuðu úr 92 mkr. í 100 mkr. árið 2022.

Fjármögnun afreksstarfs

Líkt og undanfarin ár kemur stærstur hluti fjármögnunar afreksstarfs sérsambanda frá ÍSÍ eða yfir 38% og er þetta hlutfall um 52% hjá Þróunarsérsamböndum. Stærri sérsambönd gera ráð fyrir að hærra hlutfall tekna komi frá styrktaraðilum og félögum en minni sambönd áætla að sækja hærra hlutfall tekna til iðkenda auk ÍSÍ. Þannig gera Þróunarsérsambönd ráð fyrir að sækja nærri 22% af sínum tekjum til iðkenda og Alþjóðleg sérsambönd rúmlega 19%.

Helsta breyting í fjármögnun á afreksstarfi sérsambanda á milli ára er sú að þau áætla nú að rúm 4% komi frá félögum en á síðasta ári var gert ráð fyrir að félögin fjármagni rúm 13%. Sérsamböndin gera ráð fyrir að þessi lækun á áætluðu framlagi félaganna hækki hlutfall annarra tekna sérsambandanna í fjármögnun afreksstarfs úr 15% í tæp 28%.

FJÁRMÖGNUN AFREKSSTARFS SÉRSAMBANDA 2022				
	Afreks sérsambönd	Alþjóðleg sérsambönd	Þróunar sérsambönd	Samtals
Frá alþjóðasambandi	5,6%	5,1%	8,4%	5,7%
Frá styrktaraðilum	14,2%	14,3%	6,0%	13,6%
Frá félögum	3,6%	6,1%	5,4%	4,3%
Frá iðkendum	6,8%	19,3%	21,5%	10,7%
Frá öðrum tekjum sérsambands	34,3%	13,9%	6,7%	27,7%
Frá öðrum tekjum í gegnum ÍSÍ	6,9%	10,4%	34,0%	9,6%
Styrkur Afrekssjóðs ÍSÍ	28,6%	31,0%	17,9%	28,4%
	100%	100%	100%	100%

Áherslur Afrekssjóðs 2022

Afrekssjóður ÍSÍ gefur út ákveðnar forsendur til sérsambanda áður en sótt er um til sjóðsins. Er þar fjallað um áhersluatriði hvers árs, hversu hárra styrkja má vænta í ákveðnum afreksþáttum og hversu hátt hlutfall kostnaðar afreksþáttarins er styrkt. Hæsta fjárhæðin, um 172 mkr. er líkt og undanfarin ár, veitt í ferðakostnað á mót erlendis (umfang afreksstarfs).



Áherslur sem styrktar voru innan hvers flokks voru óbreyttar frá 2021 til 2022 og fólu áfram í sér áherslu á umgjörð afreksíþróttastarfs sérsambanda, hæfileikamótun, HM/EM þátttöku, menntun landsliðsþjálfara og dómara og starf heilbrigðisteymis.

AFREKSPÆTTIR 2022					
	Afreks-sérsambönd	Alþjóðleg sérsambönd	Þróunar-sérsambönd	Samtals	%
Grunnstyrkur	22.000.000	12.000.000	5.000.000	39.000.000	7,2%
Starfsmannakostnaður	48.000.000	36.000.000	0	84.000.000	15,5%
Fagteymi	29.000.000	9.975.000	1.600.000	40.575.000	7,5%
HM/EM þátttaka	34.500.000	16.000.000	6.275.000	56.775.000	10,4%
HM/EM lokamót í hópíþróttum	14.000.000	0	0	14.000.000	2,6%
Menntun landsliðsþjálfara	2.300.000	2.200.000	1.000.000	5.500.000	1,0%
Menntun alþj. dómara	2.050.000	2.400.000	0	4.450.000	0,8%
Hæfileikamótun	13.250.000	6.000.000	7.050.000	26.300.000	4,8%
Umfang afreksstarfs	151.950.000	20.100.000	0	172.050.000	31,6%
Einstaklingsstyrkur	24.500.000	10.500.000	3.000.000	38.000.000	7,0%
ÓL/PL undirbúningur	9.000.000	0	0	9.000.000	1,7%
Yngri lið/einstaklingar	29.500.000	21.500.000	0	51.000.000	9,4%
Aðrir þættir	3.000.000	0	0	3.000.000	0,6%
Alls	383.050.000	136.675.000	23.925.000	543.650.000	100,00%

Í reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ kemur fram að leitast skuli við að allt að 75% af styrkuppþæð hvers árs sé veitt til Afrekssérsambanda, allt að 40% til Alþjóðlegra sérsambanda og allt að 15% til Þróunarsérsambanda. Árið 2022 fóru 71% af úthlutun til Afrekssérsambanda, um 25% til Alþjóðlegra sérsambanda og 4,4% til Þróunarsérsambanda. Hafa þessi hlutföll verið svipuð undanfarin ár.

Úthlutanir ársins 2022

Til Afrekssjóðs ÍSÍ bárust umsóknir frá 32 sérsamböndum og hlutu 30 sérsambönd styrk að þessu sinni. Úthlutað var í byrjun árs 543,7 mkr auk um 5 mkr. viðbótar úthlutunar, alls 548,5 mkr. Fjárhæðin var sú hæsta frá upphafi en um 479 mkr. var úthlutað árið 2021.




Sérsamband		Heildarúthlutun 2022	Niðurfellingar 2022	Heildarúthlutun 2021	Niðurfellingar 2021
BFSÍ	Bogfimisamband Íslands	10.000.000	0	2.800.000	268.872
BLÍ	Blaksamband Íslands	13.000.000	0	11.000.000	1.551.767
BSÍ	Badminton samband Íslands	10.450.000	544.832	11.850.000	2.281.029
BTÍ	Borðtennissamband Íslands	2.250.000	0	2.250.000	1.374.669
DSÍ	Dansíþróttasamband Íslands	11.483.950	188.175	11.050.000	1.141.156
FRÍ	Frjálsíþróttasamband Íslands	36.700.000	0	36.350.000	1.287.406
FSÍ	Fimleikasamband Íslands	64.724.775	0	56.050.000	0
GSÍ	Golfsamband Íslands	36.350.000	0	36.000.000	2.770.000
HNÍ	Hnefaleikasamband Íslands	1.750.000	190.688	1.250.000	181.650
HRÍ	Hjólreiðasamband Íslands	3.300.000	784.958	2.300.000	200.000
HSÍ	Handknattleikssamband Íslands	86.600.000	0	71.600.000	6.000.000
ÍF	Íþróttasamband fatlaðra	32.050.000	1.320.500	33.800.000	2.759.506
ÍHÍ	Íshökkísamband Íslands	13.550.000	0	14.600.000	0
ÍSS	Skautasamband Íslands	3.300.000	0	2.050.000	0
JSÍ	Júðósamband Íslands	10.200.000	147.935	10.350.000	494.984
KÍ	Klifursamband Íslands	1.875.000	375.000	0	0
KAÍ	Karatesamband Íslands	9.650.000	439.668	5.850.000	225.000
KKÍ	Körfuknattleikssamband Íslands	50.500.000	200.000	45.400.000	324.354
KLÍ	Keilusamband Íslands	12.075.000	1.006.250	11.575.000	2.118.897
KRA	Kraftlyftingasamband Íslands	19.050.000	1.250.035	15.250.000	2.012.915
LH	Landssamband hestamannafélaga	8.500.000	0	12.400.000	4.317.501
LSÍ	Lyftingasamband Íslands	2.300.000	0	3.800.000	0
MSÍ	Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasamband Íslands	1.800.000	225.000	1.800.000	98.300
SÍL	Siglingasamband Íslands	1.750.000	434.390	2.000.000	650.000
SKÍ	Skiðasamband Íslands	42.550.000	10.530	44.600.000	2.380.456
SKY	Skylmingasamband Íslands	10.600.000	0	9.800.000	0
SSÍ	Sundsamband Íslands	38.316.758	0	42.200.000	720.268
STÍ	Skotíþróttasamband Íslands	8.250.000	1.000.000	8.875.000	233.000
TKÍ	Taíkwondosamband Íslands		0	2.175.000	1.675.000
TSÍ	Tennissamband Íslands	2.300.000	0	2.300.000	300.000
ÞRÍ	Þríþrautarsamband Íslands	3.300.000	367.500	3.800.000	832.000
	Samtals:	548.525.483	8.485.461	515.125.000	36.198.730

Eftir yfirferð á uppgjörum og ársreikningum voru felldar niður rúmar 8,2 mkr. eða um 1,5%. Voru niðurfellingar í kringum 3% fyrir faraldur en hækkuðu þá mikið vegna minni mótaþátttöku.

HELSTU NIÐURFELLINGARÞÆTTIR 2022						
	Fagteymi	HM/EM þátttaka	Menntun landsliðsþj.	Réttindi alþj. dómara	Hæfileika mótun	Yngri lið/einstakl.
Úthlutun 2022	40.575.000	56.775.000	5.500.000	4.450.000	26.300.000	51.000.000
Niðurfellingar 2022	3.539.114	1.000.467	626.209	961.051	1.819.125	537.784





Vefsvæði Afrekssjóðs ÍSÍ

Á vefsvæði sjóðsins [Afrekssjóður ÍSÍ \(isi.is\)](https://www.isi.is), má finna ýmsar upplýsingar um sjóðinn, s.s. upplýsingar um stjórnarfólk, samantekt á styrkveitingum síðustu ára, reglugerð sjóðsins, fundargerðir o.fl.

